

1955

II. MAÍ


1965

KÓPAVOGUR



Heiðuneyti 5.9.2013
fr. Sögur Samvinnu (W. nr. 42/2013)

SPARNADUR ER UPPHAF AUÐS



Ávarp

Kópavogur á sér langa sögu, Kópavogskaupstaður stutta.

Við Kópavog er þingstaður forn. Þar réðust mikil úrlög og oft þung. Danska valdið á Íslandi naut sín vel á þingi, sem haldið var í svo nánu nágrenni við höfuðstað þess. Bessastaði á Álftanesi. Á þessu þingi voru dómur dæmdir eftir erlendu valdboði. Þar voru landsins börn hrakin og smánuð. Þar voru svangir smáþjófar brennimerktir og aflimaðir eða hengdir. Þar voru umkomulausar mæður óvelkominna barna kæfðar í lækjarsytru. Þar voru síðustu leyfar gamalla landsréttinda kúgaðar af þjóðinni árið 1662. Síðan varð hljóti um Kópavog. Staðurinn hverfur í lygna þögn gleyskunnar. Þing er þar af lagt. Tök hins erlenda valds línast, gálgi og höggstokkur verða safngripir. Dysjar hinna dómfelldu auðnuleysingja gróa upp eða jafnast umhverfi sínu og tynast. En þungstigur lestagangur árunna heldur áfram. Nálega tvær og hálf öld liða yfir Kópavog án sögu, án tímamóta og án athafna. Fyrir 30–40 árum voru holtin kring um þennan vog jafn nakin og eyðileg og á dögum Bessastaðavaldsins, Fáeinir kofar, sem himdu hér og þar á strjálungi í einstæðingsskap og fásinni, gáfu umhverfi sínu hvorki líf né lit.

En nú var komið að þáttaskilum. Sagan tekur aftur að gerast við Kópavog. Og sú saga, sem byrjar að þróast hér á fjórða og fimmta tug aldarinnar er fullkomin andstæða hinnar fyrri. Stórhugur og bjartsýni „aldamótakynslóðarinnar“ íslenzku hafði miklu á orkað. Erlend yfirráð á Íslandi höfðu verið brotin á bak aftur. Á öðrum og þriðja áratug aldarinnar höfðu ungmennafélögin hafist til mikilla áhrifa. Þáttur þeirra í ræktun lýðs og lands var rikulegur og verður seint að fullu metinn. Samvinnuhreyfingin og verklyðstfélagin höfðu lyft grettistökum á sviði efnahags- og félagsmála og tækniöldin hóf innreið sína. Menn höfðu æfst og þróskast í félagslegu starfi. Nú var „grafinn sá lýður frá liðinni tíð, er sig lægði í duftið og stallana hóf“ eins og segir í Íslandsljóðum Einars Benediktssonar. Þrátt fyrir allt baslið að haki og síðast heimskreppuna miklu á fjórða tug aldarinnar, hafði þjóðin öðlast trú á landið, lífið og sjálfa sig.

Hér er í fáum dráttum dregið baksvið og undirstöður þess bæjar, sem stofnaður var fyrir tíu árum við Kópavog.

Þetta rit er saga eða e. t. v. öllu heldur annáll þessara tíu ára. Hér er í knöppu formi, dregið fram það helzta, sem gerst hefir í þróun kaupstaðarins. Bakvið stendur svo hið lifaða líf einstaklinganna, sem bæinn byggja. Þar hafa gerst margar hetjusögur, sem aldrei verða skráðar. Þar hafa um st. margir sigrar. Landnemarnir hér áttu fæstir miknið af veraldarauði. En þeir áttu flestir þrek og bjarsýn. Þeir þreyttu fang við erviðleika frumbýlingsins og sóttu fram til velmegunar og lífshamingju. Fordæmið kallaði æ fleiri til starfa. Fyrr en varði var Kópavogur orðinn fjölmennastur bær á landi hér, þegar frá eru taldir höfuðstaðirnir, Reykjavík og Akureyri.

Tíu ár eru ekki langur spölur á þróunarferli bæjarfélags. En allt um það mun hann dæmdur verða af sögunni. Ég leiði hjá mér, að spá nokkru um hvernig sé dómur verður, né heldur hitt, hvað framtíðin kann að bera í skauti sér. En oft má nokkuð af líkum ráða. Nú vex upp í landinu æskufólk, sem ég hygg, að sé glæsilegra og um flest betur mennt, en nokkur önnur kynslóð, sem hér hefir úr grasi vaxið. Í Kópavogi er hlutdeild þessa fólks meiri, en í nokkurri byggð annarri hér á landi. Auðnist þessari kynslóð, að rækja eðliskosti sína og virkja þrek sitt með sama hætti og aldamótamennirnir gerðu, mun hún verða farsæl og langlíf í landinu. Það er trú mín og von, að svo verði.

Kópavogsbúar! Tengjumst um þá ósk, að okkur auðnist alltaf í nútíð og framtíð, að vera sjálfum okkur, bænum okkar og landinu okkar trúir í blíðu og stríðu.

Dafni heill og hamingja Kópavogsbyggðar.

Þormóður Þálsson

Byggingavörur

Í MIKLU ÚRVALI

Timber.
Þilplötur.
Steypustyrktarjárn.
Pakjárn.
Vatnsleiðslupípur.
Hreinlætisteki.
Gólfdukur.
Gólfflisar.
Veggflisar.
Mósaik.
Harðplast.
Plasthúðaðar spónaplötur.

★

Verkfæri allskonar.

★

KÓPAVOGSBÚAR!

Leitið ekki langt yfir skammt —
Þér fáið allt í bygginguna hjá okkur.

Byggingavöruverzlun Kópavogs

Kársnesbraut 2 — Sími 4-10-10.



„Hér er hagkvæmt
og þægilegt
að verzla
og beztu
bílastæði
í Kópavogi.“

Kársnes Kjör



Kópavogi - Símar 41934 - 40328

ALLSKYNS RAFLAGNIR
VÖNDUÐ VINNA

★

Sigurður Kjartansson
Sigurður Jóhannsson

Kópavogsbær

Vozið 1965

Vagga börnum og blómum,
borgin hjá vogunum tveimur,
risin einn árdag úr eyði —
heill undrunar heimur;
og blikid í bernskunnar augum
er bros gegnum tár
sögunnar, sem oss fæddi
og signir oss þurrar brár.

Vagga börnum og blómum,
borgin í önn og draumi —
farvegur framtíð brotinn
af fallþungum straumi.
Átt þú lokið því lausnarstríði
er lönd skjálfa við?
Sýn oss þitt svar í verki
og set þér æ hærra mið.

Gríðland börnum og blómum
Brosi við framtíð sinni —
allt sem þú vaxtar og verndar
í vöggunni þinni.
Þó að flóðbylgja fleygrar tíðar
sé fallþung og ströng,
geym þinna grænu vinja
og gleym ei löunnar söng.

Þorsteinn Valdimarsson.

Sparisjóður Kópavogs

Sími 41900

Annasí öll venjuleg innlend
bankaviðskipti.

Kópavogsbúar!
Styðjið einu lánastofnunina
í bænum
með því að skipta við
SPARISJÓÐINN.

Sparisjóður Kópavogs

Sími 41900



STEYPUFNI
SANDUR - MÖL

Véltækni h.f.

SÍMI 24078

1955

II. MAÍ

1965

KÓPAVOGUR

Eftir því sem gerst verður vitað, eru mannaferðir um Kópavog jafn gamlar landnáms-sögunni. Landnáma segir frá því, er Ingólfur Arnarson sendi þræla sína þá Vífil og Karla „vestur með sjó“ í leit að öndvegissúlunum, sem þeir svo fundu“ við Arnarhvál fyrir neðan heiði“. Auðvelt er að gera sér í hugarlund hvar leið þeirra Vífils og Karla hefir legið: Framan af Arnarnesi, inn með Kópavogi, yfir Kópavogslæk, fram Kársnes og inn í Fossvog. Er Ingólfur reisti sér bæ í Reykjavík, gaf hann Vífli land að Vífilsstöðum, handan Digranesháls.

**Saga í
hnotskurn.**

Síðan byggðust jarðirnar Kópavogur, Digranes, og Fífuhvammur, sem áður hét Hvammur og síðar Hvammskot. Í landi þessara þriggja jarða er aðalbyggð Kópavogskaupstaðar. Kópavogur kemur snemma við sögu. Við ósa Kópavogslækjar varð er fram liðu stundir einn af fjórum þingstöðum Gullbringusýslu og þeirra frægastur, þótt fátt eitt sjáist þar nú fornra minja.

Fornar jarðir.

Í Kópavogi var um langt skeið þing Álftnesinga, Seltirninga og Mosfellinga. Hafnarfjörður, ein helzta verzlunarhöfn landsins og Bessastaðir, höfuðvigi hins erlenda konungsvalds skammt undan, svo vart ber að undrast þótt sögulegri atburðir gerðust þar, en á öðrum þingum, að Alþingi einu undanskildu. Þar sem götuslóðinn lá fram hjá þingstaðnum, upp Digranesháls rétt austan við þann stað, er Félagsheimilið stendur nú, mátti sjá dysjar réttaðra manna og kvenna. Við þinghól sjást rústir dómhrings og fjögurra fangakofa. Undirstaða höggstokks ásamt nokkrum dysjum hvarf undir veginn er hann var breikkaður 1937-1938, en við túnhliðið vestan vegarins er þúst, sem talið er að sé undirstaða annars höggstokks. Hjónadysjar eru næstar Hafnarfjarðarvegi en systkinaleiði austan hans, við Fífuhvammsveg. Hér var mestur aftökustaður á Íslandi í eina tíð, fjöldi fólks liflátinn fyrir litlar sakir eða engar, að okkar dómi, er nú lifum.

Kópavogsþing.

Þótt flest, sem hér gerðist sé nú gleymt, er þó einn atburður sem löngum verður minnzt: Það er Erfðahyllingin, mánudaginn 28. júlí árið 1662, er hinn danski höfuðsmaður, sem hérlendis hefir löngum gengið undir nafninu Hinrik þjálfki, ógnaði íslenskum forsvarsmönnum til þess að undirrita einvaldsskuldþvingingu og hylla Friðrik III og ætt hans í kven- og karllegg sem sinn „allra náðugasta arfakóng“.

**Erfða-
hyllingin.**

Kópavogsbúar!

Þegar leið ykkar liggur til Reykjavíkur, þá lítið inn í sérvöruverzlanir okkar.

★

Á Skólavörðustíg

er verzlauð á tveimur hæðum með: Herravörur, vefnaðarvörur, undirföt, skófatnað, gardínefni og margt fleira..

★

Á Hverfisgötu 52

eru verkfæri, hreinlætistæki, mosaik, málning, harðplast, og ótalmargt annað.

GÓÐAR VÖRUR Á HAGSTÆÐU VERÐI.



KAUPFÉLAG REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS



Í Bankastræti 2

er bóka og ritfangaverzlun.

★

Á Laugavegi 18a

(Liverpool)

eru 6 deildir á tveimur hæðum.

NIDRI Snyrtivörur,
gjafavörur og búsaðöld.

UPPI: Leikföng,
ferðavörur og raftæki.

Kópavogsping galt nábylis við konungsvaldið á Alftanesi, sem að öllum líkindum hefir ekki þótt geta beitt sér eins á Alþingi því árið 1574 bauð Friðrik II, að Alþingi skyldi flutt frá Þingvelli við Öxará til Kópavogs. Þeim konungsboðskap hlittu Íslendingar aldrei.

Nókkur örnefni finnast í Kópavogi umfram þau, sem standa í sambandi við Kópavogsping. Má þar nefna **Borgarholt** og efsta hluta þess, **Borgir**, þar sem kirkjan stendur nú. Vestan til á Borgarholti, eru **Kastalar**, þrjár klettur, huldufólksbyggðir, sem varlega varð að ganga um. **Alfhóll** heitir klapparhóll austarlega á Digranesi, við Álfrólsvog. **Kársnes**

Örnefni.



INNFLUTNINGUR
UMBOÐSSALA
HEILDSALA

VESTURA H/F

Pósthólf 77
Kópavogi
Sími 41242

KARLMANNA-
BARNA-
FATNAÐUR



5 ÁRA
ÁBYRGÐ! TVÖFALT EINANGRUN-
ARGLER FRAMLEITT

Isotherm

ÚR BELGISKU A GLERI

SIMI 19565 BRAUTARHOLTÍ 2.....

Vefnaðarvörur,
Snyrtivörur.
Verð við allra hæfi.

Verzlunin HORN

Kársnesbrant 84 — Sími 41709

eða **Kársnes** er talið kennt við skúta, sem nefndist **Kór**. Fremst á Kársnesi sást til skamms tíma votta fyrir garðbrotum fornlegum. Hét hið nyrðra **Stóra-Bæjarstæði** en **Litla-Bæjarstæði** sunnar.

Seltjarnarneshreppur hinn forni spannaði yfir Seltjarnarnes, núverandi Kópavogsland og eyjarnar norðan Reykjavíkur. Gildir bændur sátu á Seltjarnarnesi, en í Hvosinni bjuggu fátækir tómthúsmenn og líklega hefir þá fáum dottið í hug, að þar yrði síðar miðstöð peninga- og athafnalífs í landinu.

Er Reykjavík óx fiskur um hrygg og varð sérstakt bæjarfélag, rofnuðu hin landfræðilegu tengsl Seltjarnarness og Kópavogs. Þrátt fyrir það hélzt samband þessara tveggja hreppshluta; hreppsnefndin sat á Seltjarnarnesi, en bændur í Kópavogi, Fifuhvammí, Digranesi, Vatnsenda, Gunnarshólma og Lækjarbotnum guldu útsvar á Seltjarnarnesi sem fyrr. Reykjavík hélt áfram að vaxa og um það leyti er Ísland varð konungsríki, var Digraneshálsinn og Kársnesið vinsælt berjaland barnanna í hinum unga höfuðstað, sem lögðu þangað leið á góðveðursdögum.

Um 1930 sneiddist mjög um atvinnu í Reykjavík og þá kom mönnum til hugar að leita á ný til landsins: Hefja ræktun í smáum stíl, stofna grasbýli, þar sem vinnusamir menn gætu stundað smábúskap. Búskapurinn ásamt stopulli vinnu útí frá myndi léttja margri fjölskyldunni lífsbaráttuna. Landið, sem varð fyrir valinu, var Fossvogur og Digranes og Kársnes norðanvert. Það voru að meirihluta iðnaðarmenn og miður launaðir opinberir starfsmenn, sem sóttust eftir landinu og á fjórða áratugnum var því skákað niður í erfða-festulönd. Á kvöldin og um helgar mátti sjá vinnuklætt fólk halda suður í Kópavog. Lítil hús risu og þar sem áður var urð og grjót, skipti landið um lit er voraði. Þar gat víða að líta fagurgræna bletti, sem stækkuðu ár frá ári.

Er heimsstyrjöldin síðari brauzt út, varð reginbreyting á. Atvinnuleysið, sem í heilan áratug hafði þjakað landsmenn, hvarf. Hver vinnufús hönd fékk nóg að starfa og nú máttu færri en áður vera að því að sinna grjótruðningi suður á Hálsi. Eftir að erlendur her tók sér bólfestu á Íslandi og hóf hér margháttaðar framkvæmdir, gat hver og einn unnið tvöfaldan vinnutíma og fengið hátt kaup, oft án mikils erfiðis.

Brátt jókst fólksstraumurinn til Faxaflóasvæðisins verulega. Húsnæðisleysi varð mikið í Reykjavík og byggingalóðir við hæfi almennings lágu ekki á lausu. Efnahagur þjóðarinnar batnaði ört og margir vildu byggja. Þeir menn renndu hýru auga til hins óbyggða lands í Kópavogi. Hér voru um þessar mundir fáar þær hömlur á framkvæmdafrelsi, sem skipuleg uppbygging krefst. Hér gat hver og einn byggt svo sem honum sjálfum líkaði. Þetta kunnu þeir vel að meta, sem að voru fluttir, óvanir boðum og bönnum í þessum efnun.

Í stríðslok var svo komið, að dreyfð byggð, var komin á svæði það, sem enn í dag myndar aðalkjarna byggðarinnar. Árið 1942 var lóðum úthlutað á sunnanverðu Kársnesi og Digranesi og brátt risu allmörg íbúðarhús. Árið 1945 voru 521 íbúi í Kópavogi og fólksfjöldgun ör. Íbúar þessa hluta Seltjarnarneshrepps, voru að mestu ungt framtakssamt fólk, sem með dugnaði, hagsýni og sparsemi hafði komið upp eigin húsi. Það varð fljótlega ljóst, að ætti byggðarlaginu að takast, að koma upp skóla fyrir börnin, leggja vegi og afla annars þess, sem telja verður sjálfsagt í þéttbýli, yrði að beita mætti samtakanna.

Bæjarlandið.

Seltjarnarnes
og Kópavogur.

Grasbýli.

Stríðið.

Frelsi í
framkvæmdum.

HAPDRÆTTI 1965

Umboð í Kópavogi
í Litaskálanum



16250 VINNINGAR
FJÖRÐI HVER MIÐI VINNUR
DREGIÐ 5. HVERS MÁNAÐAR

AÐALVINNINGUR 1,5 MILLJÓN

ÖRUGG ÞJÓNUSTA



HAGKVÆM KJÖR

Hraðferðir

ALLT MEÐ




EIMSKIP

Það var þá, sem Framfarafélagið Kópavogur var stofnað. Eins og nafnið bendir til, var markmið félagsins, að beita sér fyrir hvers konar framkvæmdum í bænum og öðru er til heilla horfði fyrir byggðarlagið. Við hreppsnefndarkosningar 1946 lagði Framfarafélagið fram sérstakan lista, sem hlaut meirihluta í kosningunni og þrjá fulltrúa, kjörna af fimm í hreppsnefnd Seltjarnarness. Í þeim hluta hreppsins, sem sunnan lá Fossvogs, voru mörg aðkallandi verkefni óleyst og hin nýkjörna hreppsnefnd lét þegar til sín taka. Í hreppsnefndinni voru: Guðmundur Gestsson, Finnbogi Rútur Valdemarsson, Konráð Gíslason, Guðmundur Eggertsson og Kjartan Einarsson.

Keyptar voru vinnuvélar og framkvæmdir hafnar. Þarna voru lögð fyrstu drög að núverandi vinnuvélaeign bæjarins. Ekki hlutu þessar framkvæmdir einróma samþykki í hreppnum. — Meirihluti hlaut hins vegar að ráða. Bygging barnaskóla í Kópavogi var orðin mjög aðkallandi og brátt var hafizt handa um byggingu núverandi Kópavogsskóla. Þótti þá mörgum í of mikið ráðizt og stóð nokkur styr um skólamálið, en tíminn hefir leitt í ljós, að hér var stigið heilladrjúgt skref og skólinn sízt of stór. Enn í dag eru skólabyggingar eitt víðamesta hlutverk bæjarsjóðs Kópavogs.

Framfara
félagið.

Kópavogs-
skólinn.



Áður en langt um leið varð ljóst, að andstæðir hagsmunir íbúa á Seltjarnarnesi og þeirra er byggðu Digranes og Kársnes, myndu leiða til skiptingar hreppsins. Hún kom til framkvæmda um áramótin 1947–1948. Við skiptin hlaut hinn nýi Kópavogshreppur land hins forna Seltjarnarneshrepps sunnan og austan Reykjavíkur. Seltjarnarneshreppur hlaut Seltjarnarnes og eyjarnar.

Fyrstu hreppsnefndarkosningar í Kópavogshreppi fóru fram 18. jan. 1948. Á kjörskrá voru 441, en 389 greiddu atkvæði. Þessir hlutu kosningu: Guðmundur Eggertsson, Guðmundur Gestsson, Finnbogi R. Valdemarsson, Þórður Þorsteinsson og Ingjaldur Ísakson. Finnbogi R. Valdemarsson var kjörinn fyrsti oddviti hreppsins.

Hreppstjóri var um svipað leyti skipaður Þórður Þorsteinsson garðyrkjubóndi að Sæbóli.

Daglegt líf fólks í Kópavogi einkenndist um þessar mundir af miklum stjórnmálaáhuga. Fundir um ýmis málefni voru vel sóttir og umræður miklar, er menn greindi á um stefn-

Skipting
hreppsins.

Fyrsta
hreppsnefnd.

Hreppstjóri.



Um leið og
Morgunblaðið

sendir Kópavogsbúum
 kveðjur á tíu ára afmæli
 kaupstaðarins,
 minnum vér á að blaðið er
 langtum stærra og helmingi
 útbreiddara en nokkurt
 annað íslenskt dagblað.

ALÞYÐUBLAÐIÐ

flytur íbúum yngsta
 kaupstaðarins á
 landinu hamingjuóskir
 í tilefni afmælisins.

ALÞYÐUBLAÐIÐ

flytur fjölbreytt
 efni til fróðleiks
 og skemmtunar.

ALÞYÐUBLAÐIÐ

inn á hvert heimili.

**ALÞYÐU
 BLAÐIÐ**

Þjóðviljinn

er keyptur og lesinn
 af hinum framfarasinuðu
 íbúum Kópavogs.

Áskrifta- og
 auglýsingasími
 er 17-500 (5línur).

ÞJÓÐVILINN

ur og framkvæmdir. Ýmsar verklegar framkvæmdir voru á döfnni, þeirra mest skóla-
 byggingin. Hafinn var undirbúningur að vatnsveitu og ráðgerð bygging hafnar á Kársnesi
 til þess að auka atvinnu í bænum.

Barnaskóli hafði verið starfandi í Kópavogi í allmörg ár. Fyrsti kennslustaður var
 að Hlíðarvegi 9. Þar hófst kennsla haustið 1945. Kennari var einn. Guðmundur Eggertsson,
 en skólinn nokkurs konar útibú frá Mýrarhúsaskóla. Haustið 1946 fluttist skólinn að
 Digranesvegi 2 og annar kennari, Gunnar Guðmundsson kom til starfa. Þriðja veturinn
 flutti skólinn enn og nú að Kársnesbraut 32 í hús það, er Málning h.f. hefir nú skrifstofur
 sínar. Þarna fór kennsla síðan fram unz skólinn flutti endanlega í hið nýbyggða hús Kópa-
 vogsskóla í ársbyrjun 1949. Fjórar kennlustofur voru þá tilbúnar á neðri hæð en unnið
 við efri hæðina. Guðmundur Eggertsson var skólastjóri, en kennarar Magnús B. Kristinsson,
 Áslaug Eggertsdóttir og Sæmundur Sæmundsson. Gunnar Guðmundsson var einnig kenn-
 ari við skólann, en var þennan vetur við framhaldsnám. Næsta haust voru átta kennslu-
 stofur teknar í notkun. Sú breyting varð á, að í stað Guðmundar Eggertssonar, sem lézt
 vorið 1949, varð Frimann Jónasson skólastjóri og kennurum fjölgaði. Síðar var Kópavogs-
 skóli stækkaður. Nú eru þar 10 kennlustofur auk handavinnustofu og íþróttahúss. Fri-
 mann Jónasson var skólastjóri Kópavogsskóla þar til s.l. ár, er hann lét af embætti, en hann
 hafði þá náð fullum starfsaldri. Við skólastjórn tók Magnús B. Kristinsson, sem um langt
 árabil hefir verið yfirkennari við skólann. Nemendafjöldi er nú 570.

**Fyrsti
 barnaskólinn.**

Enn fjölgaði fólki í Kópavogi og árið 1956 var hafin bygging nýs barnaskóla á Kárs-
 nesí. Kársnesskólinn var tekinn í notkun í febrúar 1957. Árið 1959 var hann stækkaður
 og nú stendur þriðja stækkun skólans yfir. Að henni lokini, verða fimmtán kennslu-



Nýlenduvörur.

Kjöt.

Mjólk.

Brauð.

Sendum heim.

VERZLUNIN

VOGAR

Víghólastíg 15. Sími 15305

HLÍÐ

KÓPAVOGI.

Vefnaðarvörur.

Snyrtivörur.

Leikföng.

Skólavörur.

Gæðavörur.

Gott verð.

HLÍÐ

HLÍÐARVEGI.


Sími 40583.

HLÍÐ

ÁLFHÓLSVEGI 34.

Sími 41535.

Veljid litina i LITAVAL



Allskonar málningarvörur: Penslar. Hreinlætisvörur Veggflisar. Veggfóður. Mosaik á gólf og vegg. Lím og fúgusement. — Lögum liti og leiðbeinum um litaval. — Góð bílastæði.

LITAVAL

Álfhólsvegi 9. Kópavogi. Sími 41585

stofur í skólanum, tvær handavinnustofur, samkomusalur og fimleikahús. Kársnesskóli er nú sá fjölmennasti í Kópavogi, nemendur 635. Skólustjóri er Gunnar Guðmundsson, sem fyrr er nefndur.

Allt frá því árið 1949 starfaði unglíngadeild við Kópavogsskóla. Er Gagnfræðaskóli Kópavogs tók til starfa í nýju skólahúsi í janúar 1960, var unglíngadeild Kópavogsskólans lögð niður. Gagnfræðaskólinn var stækkaður árið 1962 og nú eru þar 11 kennslustofur. Nemendafjöldi í skólanum er 500. Skólustjóri Oddur A. Sigurjónsson.

Þriðji barnaskólinn í Kópavogi, Digranesskólinn, er efst á Digraneshálsi. Digranesskóli tók til starfa 1964 í 6 kennslustofum. Skólinn verður byggður í áföngum og er skipulag hans og byggingaáætlun við það miðuð. Í Digranesskóla eru 270 nemendur. Skólustjóri er Jón H. Guðmundsson.

**Kársnes-
skólinn.**

**Gagnfræða-
skólinn.**

**Digranes-
skólinn.**



Frimínútur í Kársnesskóla.

Enn flutti fólk til Faxaflóasvæðisins, og hafnaði margt í Kópavogi. Árið 1950 voru 1652 íbúar í hreppnum. Við hreppsnefndarkosningarnar þetta ár komu fram þrjár listar og hlutu þessar kosningu: Af A-lista (Alþýðufli.) Þórður Þorsteinsson, af B-lista (Sjálfstæðisfl.) Guðmundur P. Kolka og af C-lista (Framfarafélagsins Kópavogur) Guðmundur Gestsson, Finnbofi R. Valdemarsson og Ingjalður Ísaksson. Oddviti var kjörinn Finnbofi R. Valdemarsson. Var nú kyrrt að kalla og fátt stórra tíðinda af stjórnmálasviðinu í Kópavogi. Fólk flutti í hreppinn jafnt og þétt og byggð þéttist

**Byggðin
þéttist.**

SPRED

Jötun
Grip

EPOXY
LAKK

POL

Eðallakk

Krati

Grip
TRÉLIM

GEISLA
LÖKK

PAN
bettikítti

GRUNN

M

Á

L

N


I

N

G



KÓPAVOGI
SÍMI 40460



Gagnfræðaskólinn í Kópavogi.

Árið 1954 var kjördagur til sveitastjórnakosninga ákveðinn 31. janúar. Fyrir þessar kosningar komu fram fjórir listar í Kópavogshreppi, bornir fram af Alþýðuflokksmönnum, Framsóknarmönnum, Sjálfstæðismönnum og óháðum kjósendum, en aðstandendur þess lista var fráfarandi hreppsnefndarmeirihluti. Upp kom ágreiningur um merkingu listanna og var kosningu frestað. Kosning, sem fram fór 14. febrúar var dæmd ógild af setu-dómara, en sýslumaðurinn í Gullbringu og Kjósarsýslu vék sæti. Enn voru kosningar til hreppsnefndar í Kópavogi ákveðnar 16. maí. Þeir, sem þá hlutu kosningu voru: Af B-lista Hannes Jónsson, af D-lista Jósafat J. Lindal, af G-lista Finnbogi R. Valdimarsson, Ólafur Jónsson og Óskar Eggertsson.

Um þessar mundir upphófst hreyfing í þá átt, að gera Kópavog að bæjarfélagi, en aðrir vildu sameinast Reykjavík. Af þessum sökum urðu allmiklar greinir með mönnum og var um tíma all ófriðlegt suður hér.

Menn beittu orðsins brandi af leikni og harðfylgi, en ekki hafa verið færðar í annála frásagnir af mannvígum, og hafi einhverjir átt um sárt að binda eftir hina fjörugu fundi, sem hér voru þá haldnir, munu þau sár nú löngu gróin.

Blaðaútgáfa hófst í Kópavogi nokkru eftir að hreppurinn varð sérstakt byggðarlag. Mestum hluta voru þetta kosningablöð, en útgáfa lá niðri á milli, nema er mikið þótti við liggja, eins og þegar umræður um kaupstaðarréttindi voru á döfni. Stuðningsmenn hreppsnefndarmeirihlutans gáfu út blaðið Kópavog. Það kom fyrst úr árið 1950. Sjálfstæðismenn hófu útgáfu blaðs síns, Voga, árið 1951, Framsóknarmenn gáfu út Kópavogstímann og síðar blaðið Framsýn frá árinu 1954 og Jafnaðarmenn hófu útgáfu Alþýðublaðs Kópavogs sama ár.

**Sögulegar
kosningar.**

**Blöð í
Kópavogi.**



STRÆTISVAGNAR KÓPAVOGS hafa þjónað bæjarbúum í 8 ár.

Góð afkoma þeirra þýðir meiri og betri þjónusta.
Ferðist því aðeins með eigin vögnum.

STRÆTISVAGNAR
KÓPAVOGS

Hreyfill

Eina bifreiðastöðin í Kópavogi.

Stærsta bifreiðastöð landsins.

— Talstöðvabílar —

Opið allan sólarhringinn.

Sími 22 4 22.

HREYFILL

Umræður um framtíðarskipan mála í Kópavogi stóðu allan veturinn 1954–1955, en þá var borið fram á Alþingi frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi Kópavogi til handa. Þetta frumvarp varð að lögum 11. maí 1955. Með kaupstaðarréttindunum hefst nýr og þýðingarmikill kafli í sögu byggðarlagsins. Viðfangsefnin uxu og urðu margbreytilegri. Fyrstu bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi fóru fram 2. október 1955. Framboðslistar bárust frá Alþýðuflokkum, Framsóknarflokknum, Sjálfstæðisflokknum og óháðum kjósendum. Úrslit kosninganna urðu þau, að af B-lista var kosinn Hannes Jónsson, af D-lista Jósafat J. Líndal og Sveinn S. Einarsson, af G-lista Finnbogi Rútur Valdemarsson, Ólafur Jónsson, Þormóður Pálsson og Eyjólfur Kristjánsson.

Fyrsti bæjarstjóri Kópavogskaupstaðar var kjörinn Finnbogi R. Valdemarsson. Bæjarskrifstofur voru opnaðar að Skjólbraut 4, en skrifstofur Kópavogshrepps höfðu lengst af verið á heimili oddvita, að Marbakka. Nokkru síðar voru bæjarskrifstofurnar fluttar að Skjólbraut 10.

Finnbogi R. Valdemarsson var nokkru síðar skipaður bankastjóri við Útvegsbanka Íslands. Kona hans, frú Hulda Jakobsdóttir tók þá við embætti bæjarstjóra og er hún fyrsta kona á Íslandi, sem gegnir slíkri stöðu.

Nú var Kópavogur orðin sérstakt lögsagnarumdæmi, er skyldi hafa eigið yfirvald og löggæzlu. Ungur lögfræðingur, Sigurgeir Jónsson, áður fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu var skipaður bæjarfógeti í Kópavogi 11. ágúst 1955. Bæjarfógetaskrifstofa var opnuð að Neðstutröð 4 hinn 6. október og störfuðu þar auk bæjarfógeta, einn fulltrúi og stúlka, er annaðist gjaldkerastörf.

Um svipað leyti var Brynjólfur Dagsson skipaður héraðslæknir í Kópavogslæknishéraði.

Kópavogur
kaupstaður.


Bæjarstjóri.

Bæjarfógeti.

Héraðslæknir.



Fyrsti fundur fyrstu bæjarstjórnar Kópavogs árið 1955. Taldir frá vinstri, Hannes Jónsson, Sveinn S. Einarsson, Jósafat J. Líndal, Eyjólfur Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar, Finnbogi Rútur Valdemarsson, Ólafur Jónsson og Þormóður Pálsson.



RÖRSTÉYPAN hóf starfsemi árið 1947 og er því meðal elztu fyrirtækja í Kópavogi. Á tíu ára afmæli bæjarins er nýlokið niðurstetningu nýrra véla, til fljótverkari og afkastameiri framleiðslu.

STEINARÖR 4" TIL 24".
GANGSTÉTTARHELLUR.



KANTSTEINAR.
TRÖPPUR.

FYRIR ÚTGERÐINA:
NETASTEINAR.

Rörsteypan h.f.

v. Fífuhvamsveg — Símar 40930 og 21850

Brynjólfur, sem áður var héraðslæknir í Vestur-Húnavatnssýslu, kom á vísí að heilsværndarstöð, skoðun vanfærra kvenna og ungbarna. Brynjólfur lézt fyrir aldur fram snemma árs 1963. Nokkru síðar var Kjartan J. Jóhannsson læknir frá Ísafirði skipaður héraðslæknir í Kópavogi og tók hann við embætti 1. maí 1963.



Finnbogi Rútur Valdemarsson.



Frú Hulda Jakobsdóttir.



Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti.

Kópavogshreppur skiptist í öndverðu milli tveggja sókna. Nessóknar og Lauganes-sóknar. Árið 1952 var Kópavogur gerður að sérstakri kirkjusókn. Sóknarprestur er séra Gunnar Arnason. Kirkjuorganleikari er Guðmundur Matthíasson, en formaður Kirkjukórs Kópavogs er frú Helga Jónsdóttir. Guðspjónustur voru lengi vel haldnar í Kópavogsskóla, en fermingar fóru fram í Fossvogskapellu og síðar í kirkju í Reykjavík.

Fyrir nokkrum árum reistu svo Kópavogsbúar sína eigin kirkju á Borgum, sem fyrr er getið. Kópavogskirkju ber hátt yfir umhverfið og er sérstæð og fögur bygging. Vígsla hennar fór fram í desember 1962. Hörður Bjarnason húsameistari ríkisins teiknaði kirkjuna, en yfirsmiður var Siggeir Ólafsson byggingameistari. Sóknarnefnd, mörg félög í bænum og allur almenningur stóðu einhuga að byggingunni. Steindir gluggar gerðir af Gerði Helgadóttur myndhöggvara eru í Kópavogskirkju og henni hafa borizt margar góðar gjafir.

Sóknarnefnd Kópavogskirkju skipa: Frú Hulda Jakobsdóttir, form., Jósafat J. Lindal. Þorvarður Arnason, frú Guðlaug Kristjánsdóttir og Siggeir Ólafsson.

Það lætur að líkum, að hinn ungi kaupstaður hafði ekki bolmagn til allra þeirra framkvæmda verklegra, sem kölluðu að og æskilegt hefði verið að ráðast í. Drjúgum skerfi tekna var varið til skólabygginga, sem fyrr segir, en auk þeirra, til vatnsveitu, holræsa og

Sóknarprestur

Sóknarnefnd.

Dýna frá DÚNU

Draumur fjölskyldunnar.



D Ú N A , húsgagna- og dýnuverksmiðja Auðbrekku 59 Kópavogi — Sími 41699

KÓPAVOGSBÚAR — ef að þér þurfið að kaupa eða selja fasteignir, hafið þá samband við skrifstofu vora —

Fasteignasala Kópavogs

Skjólbraut 1 — Sími 40647 — Heimasími 41230.



Kópavogs-
kirkja.



LOFTLEIÐIS LANDA MILLI

LOFTLEIÐIR óska Kópavogsbúum til
hamingju með 10 ára
kaupstaðaréttindi.

ÞÆGILEGAR HRADFERDIR HEIMAN OG HEIM

ÞÆGILEGAR HRADFERDIR HEIMAN OG HEIM

Kópavogsbúar!

Höfum ávallt allar fánlegar kjöt- nýlenduvörur.

Sendum um allan bæ.

Ennfremur mjólk og brauð.

Síminn er 4-1300

Verzlunin Óli & Gísli h.f.

Vallargerði 40 – Sími 4-1300

SPORLETTIR

HANDELFJÓTIR

götulagna: Í mörg horn var að líta. Forráðamönnum bæjarins var ljóst að atvinnuleg uppbygging í bænum sjálfum var hin mesta nauðsyn. Í því augnamiði var árið 1948 kosin hafnarnefnd og hófst bygging hafnar fremst á Kársnesi árið 1952. Það mun hafa verið á árunum um 1920, að nokkrir menn aðhylltust þá hugmynd að byggja fiskiskipahöfn í Kópavogi. Þeirra á meðal voru Eggert Claessen, Hjalti Jónsson, sá er fyrrum kleif Eldey og Ágúst Flygenring. Vegur var lagður fram Kársnesið, nokkru neðan við núverandi Kársnesbraut. Ekki varð þó af frekari framkvæmdum þeirra félaga vegna fjárkreppu, er steðjaði að útgerðinni á þriðja áratugnum. Frá náttúrunnar hendi eru frábær hafnarskilyrði í Kópavogi. Skerin í Skerjafirði brjóta úthafsölduna, svo þangað leggur aldrei inn sjói. Vindbára verður nokkur á Voginum í stormi, en að sögn kunnugra minni en á Þingvallavatni. Aðdýpi er mikið við Kársnes og nú geta allstór skip lagst að bryggju í Kópavogi og hafa millilandaskip lestað þar afurðir til útflutnings. Fiskhús lét bærinn reisa og hefir rekstur þar skapað talsverða atvinnu á undanförunum árum.

Verklegar framkvæmdir.

Höfnin.





Steypustöðin Verk h.f.

býður yður úrvals harpað og mulið steypiefni, vigtað og blandað í nákvæmum sjálfvirkum vigtum.

Afgreiðum steypu með Portland- og hraðsementi. — Gæðin eru viðurkennd af öllum, sem reynt hafa.

Höfum útbúið alla steypubíla okkar með TALSTÖÐVUM sem skapa liprari og öruggari þjónustu.

Útvegum BÍLKRANA ef óskað er.

Kynnið yður verð og gæði steypunnar.

VERK H.F.

Steypustöð — Fífuhammsvegur.
Pöntunarsími 41480 — 41481.
Skrifstofusími 11380 — 10385.

Frumbyggjar í Kópavogi áttu við mikla erfiðleika að stríða vegna skorts á nothæfu drykkjarvatni. Vatn var sótt í brunna og flutt frá Reykjavík í ílátum, en húsmæður urðu að þvo þvotta sína annars staðar, þar sem vatn var að fá. Vatnsleysið skapaði margháttða erfiðleika. Það var því eitt af fyrstu verkum hreppsnefndarinnar eftir skiptingu hreppsins árið 1948, að hefjast handa um vatnsveituframkvæmdir. Samið var við Reykjavíkur-

Vatnsveitan.



Í Kópavogi eru „allir að byggja,“ einnig börnin hér á myndinni, sem tekin var í Sigvaldahverfi nokkru fyrir tíu ára afmæli bæjarins.

bæ um vatn úr vatnsbóli bæjarins, en dreifingarkerfi lét Kópavogshreppur leggja. Fjár var aflað með sölu skuldabréfa. Flestir íbúar hreppsins voru fátækir. Menn voru að byggja sér hús og skorti flest annað en dugnað og bjartsýni. Samt munu allflestir íbúar hreppsins hafa lagt fram skerf til þessa þjóðþrifafyrirtækis. Einn frumbyggja sagði þeim er þetta ritar frá því að Þorsteinn Pálsson kaupmaður hefði lagt á sig mikla sjálfböðavinnu við stofnun vatnsveitunnar og sölu skuldabréfa: „Það voru ekki miklir peningar til þegar Þorsteinn kom en það var keypt fyrir það sem hægt var og við vorum öll glöð og bjartsýn við tilhugsunina að fá bráðlega rennandi vatn“. Lagning vatnsveitunnar var erfitt verk og tafsamt, því grýtt er í Kópavogi víðast hvar. Mikil voru viðbrigði íbúanna er vatnsveitan tók til starfa og náði til æ fleiri heimila. Fyrstu lagnir voru flestar grannar og er árin liðu, fólki fjölgaði og iðnfyrirtæki tóku til starfa, varð vatnsskortur í ýmsum hverfum. Að undanförunu hafa staðið yfir miklar framkvæmdir við endurbyggingu og viðbætur á vatnsveitukerfinu, svo sem nýjar lagnir aðalæða, bygging dælustöðva og bygging vatnsgeymis til jafnari dreyfingar.

Vélasjóður.

Eins og áður er lítillaga drepið á, keypti hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps árið 1946 nokkur vinnslutæki og hóf verklegar framkvæmdir. Við skiptingu hreppsins féll þessi vélaeign til Kópavogshrepps; varð fyrsti visir að vélasjóði, sem stofnaður var 1948 og á nú allmörg góð vinnslutæki. Þar á meðal eru fimm stórir vörubílar, tveir vegheflar, jarðýta, loftpressur, grjótlutningsvagn, krani, tvær vélskóflur. Með þessum tækjum er nú unnið að ýmsum framkvæmdum í bænum, svo sem vatnsveituframkvæmdum, vegalögnum, holræsagerð o. fl.

KVÖÐUR FRÁ KÓPAVÁGI

Kópavágur, yngsti býur í Íslandi, sendir tykkum kvöður í sambandi við tiggju ára föðingardag sinn hin 11. maí 1965.

Hóast söga Kópavágs sum keypstaður er stutt, er nafnið gamalt. Á blöðum Íslands sögu og í hugi Íslendinga er það knýtt at syndarligum hendingum í kúganartíðum tjóðarinnar undir útlenskum oki í miðöldinni: Það var í Kópavági, at Íslendingar vóru neyddir at lata frá sær gomul landsrættindi í skjóli av hervaldi árið 1662.

Í dag sær öðruvísi út í Kópavági.

Uppbyggingin av Kópavágskeypstaði hefur gingið skjóttari enn dómi eru um í Íslandi. Higar leitaði ungt, framtökíð fólk, reisti sær hús og heim. Hetta fólk var bjartskýgt og dúgligt, men flest váru tey peningaveik.

Árið 1955 samtykti Altingið lóg um keypstaðarrættindi Kópavágs. Tá vóru her 3783 íbúgar. Síðani hefur fólkið nörst og bygging ökst. Í Kópavági eru yngri íbúgar enn í nökrum öðrum bygðarlági í Íslandi. Her eru fleiri börn enn í nökrum öðrum býi. Um ein fjórðingur av íbúgvunum eru á skúlaaldri (7-16 ár). Skúlar hava verið byggðir til hetta uppvaksandi ættarlið, og vit hava eisini bygt kirkju og felags-hús, sum er miðdepil fyri felagslívið í býnum, og herumframt ítróttavöll. Fyrsti partur av havnargerð er liðugur, og í bygging er heilsuverndarstöð og ráðhús. Framman fyr stavn eru nögar aðrar uppgávar.

Bjartskýgni teirra, sum fyrstir brutu upp úr nýggjum her, man fara at verða teimum, sum seinni komu aftrat, eggjan til nýggj tök. Nú á tiggju ára föðingardegnum er Kópavágur triðstórsti býur í Íslandi við um 8500 íbúgvum.

Kópavágsnavnið, ið tvinnað var í aldir saman við daprar hendingar, hefur nú heilt öðruvísi og bjartari dóm: Á somu tíð, sum vit fróa okkum yvir framstig og uppbygging, minna hendingar í sögunni okkum á tey fölg, sum eru lagað hinum fjótraða. Vit halda tiggju ára föðingardagin hjá býi okkara og lova trúgv at standa á varðhaldi um vælferð hansara og frælsi Íslands, á somu tíð sum vit senda vinum nær og fjar okkara bestu kvöður.

HILSEN FRA KÓPAVOG.

Kópavog, den yngste by på Island, sender Dem hilsner i anledning tiårs-jubileet den 11. maí 1965.

Skjönt Kópavogs historie som by er kort, er navnet gammelt.

I Islands historieskrifter og i isleendingenes tanker er navnet forbundet med triste hendinger i middelalderen da riket lå under utenlandsk undertrykkelse. Det var i Kópavog at Island, tvunget av hærmakt, måtte gi avkald på gamle landsrettigheter i 1662. I dag er det imidlertid helt annerledes å se Kópavog.

Utbyggingen av Kópavog er gått raskere enn noe annet sted på Island. Hit søkte fremadstrebbende unge mennesker og bygde seg hus og hjem. Disse menneskene var meget dygtige og optimistiske, men fleste hadde få midler.

I 1955 vedtok Altinget lov om byrettigheter for Kópavog. Da hadde den 3783 innbyggere. Siden har innbyggertallet steget og bebyggelsen öket. I Kópavog er innbyggerne gjennomsnittelig yngre enn noe annet sted på Island. Her er flere barn enn i noen annen by. Ca ¼ av innbyggerne er i skolealder, 7-16 år. Skoler er blitt bygget for denne oppvoksende generasjon, og vi har også fått vår egen kirke og samfunnshus som er samlingssted for byens foreningsliv; likeledes idrettsplass. Første del av havnebyggingen er ferdig, og helsestasjon og rådhus er likeledes under opprettelse. Mange andre planer står for døren, blant annet bygging av svømmebasseng, nytt idrettsanlegg, permanente gater og videre utsmykking av byen.

Optimismen hos pionerene vil virke som en oppfordring for andre til videre utbygging av byen. Nå ved tiårs-jubileet er Kópavog den tredje største byen på Island, med ca. 8500 innb. Navnet Kópavog som lenge var satt i forbindelse med dystre minner, har nå en annen og lysere klang. Samtidig som vi gleder oss over fremskritt og utbygginger, minnes vi fortiden og den sjebne som den undertrykkede har i vente. Vi feirer tiårs-jubileet for byen vår ved å sverge å vokte dens velferd og islands frihet samtidig som vi sender venner fjernt og nær våre beste hilsener.

HILSENER FRA KÓPAVOGUR

Kópavogur, Islands yngsta stad, sender Dem hilsener i anledning af stadens tiårs jubilæum, den 11. maj 1965.

Selvom Kópavogurs historie som kobstad er kort, er navnet gammelt.

I Islandshistoriens annaler og i Isleændernes sind er det forbundet med triste begivenheder på folkets fornedrelsestid, da det var under udenlandsk undertrykkelse: det var i Kópavogur, at Isleænderne blev tvunget til — under væbnet magt — at give afkald på gamle landsrettigheder i året 1662.

I dag ser det anderledes ud i Kópavogur.

Kobstadens opbygning er gået hurtigere for sig end der findes magen til i Island. Unge energiske mennesker søgte hertil og byggede hus og hjem. Disse mennesker besad megen optimisme og energi, men de fleste kun liden formue.

I 1955 vedtog Altinget lov om Kópavogurs kobstadsrettigheder. Da var her 3783 indbyggere. Siden er indbyggerantallet og bebyggelsen vokset. Kópavogurs indbyggere er gennemsnitlig yngre end noget andet sted i Island. Her findes der forholdsvis flere børn end i nogen anden by. Cirka en fjerdedel af indbyggerne er i skolealderen (7-16 år). Der har veret bygget skoler til denne opvoksende generation og vi har også bygget kirke og et foreningshjem, hvilket er foreningslivets centrum i byen. Vi har også oprettet en stadion. Havnebygningens første fase er overstået og et sundhedsværns-institut og rådhus er under bygning.

Pionerernes optimisme vil være de senere tilkomnes en ansporing til nye kraftanstrengelser. Nu, ved ti-års jubilæet, er Kópavogur Islands tredje største by med 8.500 indbyggere. Navnet Kópavogur, der i århundreder var forbundet med triste begivenheder, har nu fået en anden og lysere klang: idet vi glædes ved opbygning og fremskridt, minder historiens begivenheder os om den skæbne der venter den trælbundne.

Vi glæder os over stadens ti-års jubilæum idet vi lover at stå en trovagt om dens velfærd og Islands frihed, og sender samtidig venner nær og fjern vore bedste hilsener.

HÄLSNINGAR FRÄN KÓPAVOGUR.

Kópavogur, Islands yngsta stad, sänder Er hälsningar med anledning av stadens tio års jubiléum den 11. maj

Trots att Kópavogurs historia, som stad, är kort, är namnet gammalt. I Islands historia och i islänningarnas tankar är det förknippat med dystra händelser under folkets förnedringstid, under det utländska förtrycket på medeltiden: Det var i Kópavogur, sem islänningarna, genom påtryckning av härmakt, år 1662, tvingades att avstå från de gamla landsrättigheterna. I dag står det annorlunda till i Kópavogur.

Uppbyggandet av staden Kópavogur har sket enastående snabbt. Hit sökte sig ungt och initiativrikt folk och byggde sig här hus och hem. Detta folk ägde stor optimism och energi, men de flesta av dem endast ett ringa startkapital.

År 1955 beviljade Altinget Kópavogur stadsrättigheter. Här fanns då 3783 invånare. Sedan dess har folk-mängden ökat och bebyggelsen vuxit. I Kópavogur är invånarna yngre än i något annat samhälle på Island. Här finns flere barn än i någon annan stad. Ungefär en fjärdedel av invånarna är i skolåldern (7-16 år). Skolor har byggts för detta uppväxande släkte och vi har också byggt kyrka samt ett föreningshus, där stadens förenings-verksamhet försiggår, likaså en idrottsplan. Första etappen i hamnbygget är avslutad och en hälsovårdsstation samt ett rådhus är under byggnad.

Optimismen has dem, vilka som de första bröt sten ur gatorna, må tjäna de efterkommande som uppmuntran till nya kraftanstrengningar. Nu vid tio års jubiléet är Kópavogur Islands tredje största stad med 8500 invånare. Namnet Kópavogur, som fordom var förknippat med dystra händelser, har nu en annan och ljusare klang: Samtidigt som vi gläds över framsteg och uppbyggande minna oss historiens händelser om det öde, som är fångarnas. Vi firar vår stads tio års jubiléum genom att avlägga ett löfte om att stå vakt om dess välfärd och Islands frihet, samtidigt som vi sänder våra vänner när och fjärran våra bästa hälsningar.

TERVEISIÄ KÓPAVOGURILTA

Kópavogur, Islannin nuorin asutusyhdyskunta, lähettää Teille terveisensä kauppalan toukokuun 11. päivänä, 1965, olevan kymmenvuotispäivän johdosta.

Siiitä huolimatta, että Kópavogurin historia kauppalan ominaisuudessa on lyhyt, on sen nimi vanha. Islantilaiten „sagoissa“ ja ajatuksissa se on sidottuna ikäviin tapahtumiin kansan alennustilojen aikana keskiajan vieraan sorman alaisena. Kópavogur oli se paikka, missä Islantilaiset vuonna 1962 pakotettiin armeijan suojalla luopumaan vanhoista maanoikeuksistaan. Tänä päivänä ovat Kópavogurin ympäistöt erilaiset.

Kópavogurin kauppalan rakentaminen on ollut nopein Islannin tähänastisista esimerkeistä. Tänne hakeutui nuori ja eteenpäinpyrkivä kansa, tänne se rakensi itselleen talonsa ja täällä se kasvatti perheensä.

Vuonna 1955 Alþingi, Islannin kansanedustus, hyväksyi lakiesityksen Kópavogurin kauppalanoikeuksista. Täällä asui silloin 3783 asukasta. Siiitä ajasta on kansa ja asutus lisääntynyt. Kópavogurissa on nuorempia asukkaita kuin missään muussa asutuskeskuksessa. Noin neljännes asukkaista on kouluikäistä (7-16 vuoteen). Kouluja on rakennettu tätä kasvavaa polvea varten, ja me olemme myös rakentaneet kirkon sekä kerhotalon kauppalan kerhotoimintaa varten.

Ensimmäisten tienraivaajien hyväuskoisuus tulee olemaan kehoituksiksi niille uusille aloitekyksille, jotka myöhemmin yhtyvät heidän joukkoonsa. Nyt, kymmenvuotispäivänään, Kópavogur on Islannin kolmanneksi suurin asutusyhdyskunta 8500 asukaineen Kópavogurin nimellä, joka vuosisatojen aikana oli sidottuna synkkiin tapahtumiin, on nyt toisenlainen ja kirkkaampi kaikki: samalla, kun juhlimme edistystä ja rakennustyötä, „sagojen“ tapahtumat muistuttavat meitä niistä kohtaloista, jotka olivat kahleihin sidottuina. Me juhlimme kauppalamme kymmenvuotispäivää lupaamalla vartioida sen menestystä ja Islannin vapautta lähettäässämme kaukana- ja lähellä-oleville ystävillemme parhaimmat terveisemme.

GREETINGS FROM KÓPAVOGUR

Kópavogur, the youngest municipality in Iceland, sends you greetings on the occasion of the town's tenth anniversary on 11th May 1965.

Though the history of Kópavogur as a town is short, the name is old. In the history of Iceland as a whole and in the minds of the Icelanders it is associated with sad events during the period of foreign oppression in the Middle Ages when the fortunes of the country were at a low ebb. It was in Kópavogur that the Icelanders were forced in 1662 to give up their ancient national rights under the threat of military force.

But the picture today in Kópavogur is much brighter.

In 1955 the Icelandic Parliament, the Althing, passed a law granting municipal rights to Kópavogur. At that time the inhabitants numbered 3783, but the population has grown and the town expanded considerably. More young persons live in Kópavogur than in any other town in Iceland, and there are also more children. About a quarter of the population are of school-going age, or between 7 and 16 years. Schools have been constructed for this rising generation and we have also built a church and a social centre, as well as a sports stadium. The first stage of a harbour construction project is complete, while a health centre and a town hall are also being built.

The optimism of the original pioneers will be a spur and encouragement to further efforts on the part of the new inhabitants. Now on its tenth birthday Kópavogur is the third largest town in Iceland with a population of 8500. The name of Kópavogur with its former tragic associations now has a cheerful ring. At the same time as we take pride in the development and expansion of the town we are still mindful of the historical lesson of the fate of people who are not free.

While welcoming the tenth anniversary of our town we vow to promote its further welfare and to stand guard over Iceland's freedom. And it is in this spirit that we now send our friends near and far our warmest greetings.

Litaskálinn í Kópavogi

Málningarvörur

í fjölbreyttu úrvali.

Umboð fyrir:

Happdrætti Háskóla Íslands.

Happdrætti S.I.B.S.

Happdrætti D.A.S.

Söluumboð Loftleiða h.f.

Umboð fyrir

Viðtækjaverzlun ríkisins.

Fjölbreytt úrval

útvarpstækja

og sjónvarpstækja.

Litaskálinn

Kársnesbraut 2.

Sími 40810.

Önnumst nýlagnir —

Viðgerðir á eldri lögnum.

★

Viðgerðir á

rafmagnstækjum.

★

Rafnýting

Grétar Kristjánsson, rafvirkjameistari.
Melgerði 6. Sími 41678.

Blómaskálinn

v. Nýbýlaveg. Fossvogi. Sími 40980.

Opinn kl. 10—10 alla daga.

Veitir yðar alla fáanlega þjónustu með blómum, svo sem heimilisprýði, brúðargjafir, vinagjafir og fermingagjafir — að ógleymdri ánægjunni, sem veitt er eigin-konunni og unnustunni með fallegum blómvendi eða fallegu pottablómi.

*Vitid þið eiginmenn og unnustar.
að blómin tala best ástanna mál
og þau ánægju veita í hjarta
og sál.*

Sendir um allt land gegn póströfu.

Blómamarkaðurinn

Laugavegi 63 — Reykjavík — Sími 20985.



Vinnuvélar Vélasjóðs Kópavogsskaupstaðar að verki í Austurbænum.

Pegar byggð tók að þéttast í Kópavogi, var ekki um aðrar samgöngur að velja en áætlunarbíla, sem óku milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þessir bílar fóru aðeins eftir Hafnarfjarðarvegi og því urðu þeir, sem bjuggu úti á Nesi eða uppi á Hálsi að ganga af veginum. Nokkru eftir 1950 byrjuðu sérleyfishafar á leiðinni Reykjavík — Hafnarfjörður, að láta strætisvagnana aka um nokkrar götur í Kópavogi og litlu síðar voru settir bílar á áætlun um Kópavog og til Reykjavíkur. Nokkru eftir að Kópavogur hlaut bæjarréttindi, ákvað bæjarstjórn að bærinn tæki samgöngumálin í sínar hendur og sótti um sérleyfi á leiðum um bæinn og til Reykjavíkur. Til þess var notuð heimild í lögum og gekk sérleyfið í gildi 1. marz 1957, en síðan hafa Strætisvagnar Kópavogs annast samöngur um bæinn og til Rvíkur. Í fyrstu voru bílar teknir á leigu frá sérleyfishöfum til þess að annast flutningana, en að tveim mánuðum liðnum voru tveir nýir strætisvagnar, sem pantaðir höfðu verið frá Svíþjóð, teknir í notkun. Síðar um sumarið bættist þriðji bíllinn við og nú eiga Strætisvagnar Kópavogs fimm strætisvagna og að auki bíl, sem notaður er til þess að aka skólafólki milli bæjarhluta. Láta mun nærri að farþegafjöldi með strætisvögnunum sé 3500 á dag. Ólafur Jónsson bæjarfulltrúi hefir verið forstjóri Strætisvagna Kópavogs frá upphafi, en starfsmenn fyrirtækisins eru alls sautján.

Samgöngur
í bænum.

Strætis-
vagnar
Kópavogs.

Nýlenduvörur.
Kjötörur.
Smávörur.
Mjólk.
Brauð.
Kökur.

VERZLUNIN FOSSVOGUR

er alltaf í þjóðbraut.



Verzl. FOSSVOGUR
Kársnesbraut 1 — Sími 41187.

Húsmæður!

munid

ORA

niðursuðuvörur.

Framleiðslan er valin
og vönduð.

Niðursuðuverksmiðjan ORA h.f.
Símar 41995 — 41996.

Valur vandar vöruna.

Húsmæður kaupa:

VALS

sultur
búðinga
saftir
marmelaði
ávaxtasafa
ávaxtahlaup
tómatsósu

VALUR er valinn þegar valið er.

Valsvörur í hverri búð.

Eftir því sem fólki fjölgaði í bænum, varð bygging samkomuhúss því meira aðkallandi, er lengra leið. Félög í bænum héldu fundi í Kópavogsskóla, en hann leysti ekki ust samtökum um byggingu félagsheimilis. Því var valinn staður á hæðinni austan Hafnarfjarðarveggar. Þaðan er mjög víðsýnt og staðurinn miðsvæðis í bænum. Efnt var til happeistu í sjálfboðavinnu. Fyrir nokkru er aðaláfangi byggingarinnar, þriggja hæða stórhýsi, lokið, en fyrirhuguð er bygging austan við núverandi hús og ennfremur fjórða hæðin, sem að mestu mun verða úr gleri.

Í Félagsheimilinu eru tveir veitingasalir, kvikmyndasalur, sem jafnframt er leikhús bæjarins, rúmgott eldhús, herbergi félaga í bænum, bókasafn og á þriðju hæð eru skrifstofur bæjarins. Starfsemi Æskulýðsráðs fer fram í Félagsheimilinu og svo mætti lengi telja. Bygging þessi hefir orðið félagslífi í bænum hin mesta lyftistöng. Eigendur Félagsheimilis Kópavogs eru Kópavogskaupstaður og félög í bænum. Þau eru: Ungmennafélagið Breiðablik, Kvenfélag Kópavogs, Leikfélag Kópavogs, Framfarafélagið Kópavogur, Skátafélagið Kópavogur og Slysavarnardeild Kópavogs.

Félagsheimili.



Borgarsmiðjan h.f.

Borgarholtsbraut 86 — Sími 41965.

Önnumst nýsmíði og viðgerðir.

DAIRY QUEEN MJÓLKURÍS

Hinn þekkti
DAIRY QUEEN- mjólkurís
er aðeins seldur í búðum
vorum:

Biðskýlinu á Kópavogshálsi,
Lækjargötu 2.
Laugavegi 80,
Hjarðarhaga 47.

SKRIFSTOFUR
HVERFISGÖTU 40
Símar: 16350 - 16351.



Bílarafmagn Kópavogs sf.

Skálabrekku við Fífuhvammsveg

Sími 41160

Önnumst viðgerðir á raf-
kerfum bifreiða
og vinnuvéla.


Ísak Viggósson
Jóhannes Viggósson

Við fögnum tíu ára afmæli
Kópavogskaupstaðar
í nýju húsnæði og með bættri
vinnuáðstöðu.



Bílaverkstæðið Nýbýlagegi 10

Pétur Maack Þorsteinsson — Sími 41038.



Kyndistöð fyrir Sigvaldahverfi og allmörg hús í nágrenninu tók til starfa í desember 1964. Þetta er fyrsti visir að hitaveitu í Kópavogi.

Þegar undirbúningur og skipulagning svonefnds „Sigvaldahverfis“ hófst, árið 1962, ákvað bæjarstjórnin, að sameiginleg kyndistöð skyldi vera fyrir allt hverfið og allmörg hús í nágrenninu að auki. Kyndistöðin tók til starfa í desember 1964. Þarna er fyrsti visir að hitaveitu í bænum. Langt er síðan fyrst var rætt um möguleika á hitaveitu fyrir Kópavog. Jarðvarmi finnst í bæjarlandinu, en álitid er, að ekki myndi fást nægjanlegt heitt vatn til upphitunar bæjarins, þótt borað yrði. Hins vegar gefa bæjarbúar hitasvæðum í nágrenninu hjúrt auga með tilliti til framtíðarinnar.

Lengi framan af gátu börnin í Kópavogi leikið sér á viðáttumiklum opnum svæðum viðsvegar um bæinn. Eftir því sem byggð þéttist og fólki fjölgaði, hafa barnaleikvelliir verið gerðir víða í bænum, þar af nokkrir gæzluvelliir, þar sem yngstu borgararnir geta unað óhultir fyrir umferð og öðrum hættum. Í fyrrasumar var fyrsta dagheimili bæjarins opnað. Það er í nýju húsi við Hábraut. Forstöðukona þess er Hólmfríður Jónsdóttir.

Bókasafn Kópavogs var stofnað 1955. Fyrsti umsjónarmaður þess var Sigurður Ólafsson skrifstofustjóri bæjarskrifstofanna. Núverandi formaður bókasafnsnefndar er Ásgeir Blöndal Magnússon, en bókavörður er Jón úr Vör. Nú eru 12 þús. bindi í bókasafninu, en það er til húsa í nýjum og vistlegum húsakynnum í Félagsheimilinu.

Er Kópavogur varð sérstakt hreppsfélag, var fátt fyrirtækja í byggðarlaginu og flestir sóttu vinnu til Reykjavíkur. Ekki leið þó á löngu, þar til dugmiklir menn og framsýnir hófu hér atvinnurekstur. Forráðamönnum byggðarlagsins var frá öndverðu ljós nauðsyn þess, að fyrirtæki settust hér að. Í fyrsta lagi var óhentugt og ótryggt, að svo til allt vinnandi fólk sækti vinnu í önnur byggðarlög, þótt slíkt komi ekki að sök meðan eftirspurn eftir vinnuafli er meiri en framboð. Í öðru lagi var svo sá ávinnigur, sem bæjarfélaginu væri

Kyndistöð
og hitaveita.

Leikvelliir og
dagheimili.

Bókasafnið.

Fyrirtæki í
Kópavogi.

Verzlunin er ávallt
vel birg
af allskonar

KJÖT- og
NÝLENDUVÖRUM.

★

Borgarbúðin

Urðarbraut. — Sími 40180.

Verzlunin Gerði

AUGLÝSIR:

*Erum ávalt með úrval af vörum.
T.d. nylonsokkum, herrasokkum
og slifsum, nærfatnaði, barna-
fatnaði, snyrtivörum o.m.fl.
Ennfremur vinsæla norska
DALAGARNID í miklu litairvali
og einnig fallegt úrval af
prjónamynstrum.*

Komið, skoðið, og gerið góð kaup.

Verzlunin Gerði

Borgarholtsbraut 71.

EINKAUMBOD Á ÍSLANDI FYRIR:

BINKO mosaik



GUSTAVSBERG plastskúffur

TICINO raflagnaefni

ELFA plastgrindur

EXPANDET múrtappar - borar

SWANBOARD hljóðeinangrunarplötur



Hlíðarveg 8 - Kópavogi - Sími 40191 41430



Yngsta kynslóðin unir sér vel að Dagheimilinu við Hábraut. Hér eru nokkur barnanna og húsið í baksýn.

að opinberum gjöldum stórra fyrirtækja, sem mundu bera uppi hluta kostnaðarins við rekstur og þróun bæjarins. Í því skyni að örva þá þróun, voru er fram líða stundir, skipulagðar lóðir undir iðnaðarfyrirtæki, aðallega við Kársnesbraut og á svæðinu sunnan Nýbýlavegar. Nú eru mörg og vel rekin atvinnufyrirtæki í Kópavogi, sem veita fjölda manna atvinnu. Eitt hið fyrsta, var Rörsteypan, sem hóf starfsemi árið 1947. Þá komu nokkur, sem um langa hrið hafa starfað í byggðarlaginu: Niðursuðuverksmiðjan ORA, Blikksmiðjan Vogur, Málning h.f., Frystihúsið í Fifuhvammí og svo mætti lengi telja, en flest meiri-háttar fyrirtæki í bænum kynna starfsemi sína í þessu riti og er vísað til þess.

Margt bendir til þess, að Kópavogur, sem í upphafi var „svefnbær“, þar sem flestir sóttu vinnu í önnur byggðarlög, verði iðnaðarbær í mjög vaxandi mæli, er fram líða stundir. Fáir bæir bjóða iðnfyrirtækjum jafn ákjósanlega aðstöðu. Þar fer saman staðsetning mjög svo miðsvæðis í þéttbýliskjarna Faxaflóasvæðisins og mikið framboð á vinnuafli. Með tilliti til nánustu framtíðar er það atriði máskje þyngst á metunum, því að á næstu árum mun fleira ungt fólk koma til starfa við atvinnuvegi landsins, í Kópavogi en í nokkru öðru byggðarlagi hlutfallslega.


Úr svefnbæ
í iðnaðarbæ.



Í sama mund og Kópavogskaupstaður fyllir tíunda áratuginn tekur Flugfélagið í notkun nýja og glæsilega FRIENDSHIP-skrúfubotu á flugleiðum innanlands.

— TIL HAMINGJU —

Flugfélag Íslands H.F.
ICELANDAIR



Plasteinangrun
og ýmsar
byggingavörur.

HAGSTÆTT VERÐ.



VIBROF

v. FÍFUHVAMMSVEG
KÓPAVÖGI

SÍMI 40990

Félagslíf hefir löngum verið talsvert í Kópavogi. Áður er sagt frá Framfarafélaginu, sem um flest bar merki stjórnmalasamtaka. Það var stofnað á tímum, er hagsmunir byggð-
arlagsins kröfðust samstöðu alls þorra íbúanna. Nokkru síðar, árið 1947, stofnuðu nokkrir
ungir piltar Skátafélagið Kópa. Félagið starfaði næstu ár, en 1951 lagðist starfsemin niður.
Þannig stóð til 1957, að skátastarfið var endurvakið og Kópar hafa starfað af miklum
myndarbrag síðan. Virkir skátar eru nú um 200. Húsnæðisskortur háði starfseminni um
hríð, en fyrir nokkru afhentu bæjaryfirvöld félaginu húsið Hábraut 6 til starfseminnar.
Skátafélagið Kópar á nú skála í smíðum í landi Þverárkots í Kjós. Skátaforingi er Friðrik
Haraldsson.

Félagslíf.

Ungmennafélagið Breiðablik var stofnað í febrúar 1950. Aðal hvatamenn að stofnun
þess voru þeir Gestur Guðmundsson núverandi umsjónarmaður mjólkurbúða og Guðmund-
ur Guðmundsson málarameistari. Starfsemin hófst með vikivökum og málfundum og einnig
voru haldnir skemmtifundir. Íþróttir voru teknar á dagskrá, strax fyrsta sumarið og hefir
félagsstarfið aukist að fjölbreytni og þátttakendafjölda ár frá ári. Ungmennafélagið Breiða-
blik starfar nú í deildum: Frjálsíþróttadeild, Handknattleiksdeild, Knattspyrnudeild, Bridge-
deild og þegar þetta er ritað, er unnið að stofnun Glimudeildar, sem jafnframt mun verða
meðal stofnfélaga Glimusambands Íslands. Íþróttafólk úr Umf. Breiðabliki hefir tekið þátt
í fjölmörgum íþróttamótum, keppir í Íslandsmótum í handknattleik og knattspyrnu og í
íþróttamótum ungmennafélaganna. Starfandi félagar eru 416. Form. er Sigurður Geirdal.

Ungmennafélagið
Breiðablik.

Einnig á öndverðu ári 1950 var Kvenfélag Kópavogs stofnað. Stofnendur voru 60,
en undirbúning önnuðust Málfríður Björnsdóttir, Áslaug Eggertsdóttir, Áslaug Maack og
Hulda Jakobsdóttir. Fyrsti formaður var frú Áslaug Maack, en hennar naut ekki lengi við.
Hún lézt rúmu ári síðar. Félagskonur stofnuðu þá Líknarsjóð Áslaugar Maack, sem árlega
líknar bágstöddum heimilum í bænum. Margt gott hefir Kvenfélagið látið af sér leiða,
þótt fátt eitt verði hér talið, en líknarstörf og hjálp við þá sem minna mega sín, hafa löngum

Kvenfélag
Kópavogs.



Við Félagshéimilið á sumardaginn fyrsta 1965.

SÍMI 41035

Verzl. KÓPAVOGUR

Skjólbraut 6.

Höfum ávalt fyrirleggjandi úrvals

Kjöt og kjötvörur,
Nýlenduvörur,
Mjólk og mjólkurvörur,
Brauð,
Hreinlætisvörur,
Snyrtivörur.

Aðeins úrvals vara.

Komið og reynið viðskiptin eða hringið í
SÍMA 41035.

KÓPAVOGSBÚAR!

Við framleiðum:

Svefnbekki, þrjár gerðir.
Símaþekki.
Kojur, ódýrar.
Blómakassa.
Borðstofustóla,
og margt fleira.

Hagkvæmstu verzlunina gerir þið
hjá framleiðanda.

Á. Guðmundsson

Auðbrekku 57 — Sími 40636.

das ÍBÚDIR BIFREIÐIR HÚSBÚNADUR

ALLT EFTIR EIGIN VALL VINNENDA



ADALVINNINGUR ÁRSINS
EINDYLISHUS AD LINDAREFLOT 32, GARDAREPPI

das 2400 STÓRVINNINGAR



Umboðið í Kópavogi í Litaskálanum.

verið ofarlega á stefnuskrá þess. Kvenfélagið lagði verulega fjárhæð til Félagsheimilis Kópavogs, gekkst fyrir því, að steindir gluggar voru settir í Kópavogskirkju og greiddi drjúgan hluta kostnaðarins. Formaður er frk. Áslaug Eggertsdóttir.

Leikstarfsemi hefir lengi staðið með miklum blóma víðsvegar um land. Leikhúsáhugi fór heldur ekki fram hjá Kópavogsbúum, sem stofnuðu Leikfélag Kópavogs snemma árið 1957. Aðal hvatamenn að stofnun félagsins voru hjónin frú Inga og Erlendur Blandon stórkaupmaður og var Erlendur fyrsti formaður félagsins. Fyrsta verkefni Leikfélagsins var Spanskflugan. Leikið var í Kópavogsskóla, unz Félagsheimilið kom til sögunnar. Fyrsta leikrit, er félagið sýndi þar var „Veðmál Mæru Lindar“ undir stjórn Gunnars R. Hansen. Á tíu ára afmæli Kópavogsbæjar sýnir Leikfélag Kópavogs Fjalla-Eyvind Jóhanns Sigurjónssonar og mun það vera 15. verkefni félagsins. Nýr þáttur og merkur í starfsemi, eru kynningar íslenskra öndvegisskálda, er hófust s. l. vetur með kynningu á Einari Benediktssyni og verkum hans og nokkru síðar svipuð kynning á verkum Jóhanns Sigurjónssonar. Formaður Leikfélags Kópavogs er Guðmundur Gíslason.

Leikfélag
Kópavogs.



Tónlistarfélag Kópavogs var stofnað fyrir nokkrum árum og rekur það tónlistarskóla í bænum. Formaður er Guðmundur Árnason kennari og er hann jafnframt formaður skólanefndar. Skólastjóri er Jón S. Jónsson.

Mörg félög eru starfandi í Kópavogi auk þeirra, sem þegar eru nefnd. Búnaðarfélag Kópavogs, form. Jóhann Schröder, Norræna félagið, form. Hjálmar Ólafsson, Slysavarnardeild, form. Guðmundur Guðjónsson Rauða krossdeild, form. Ari Jóhannesson, Sauðfjárrektorfélag o. fl.

Tónlistarfélag
Kópavogs.

Ýmis félög.

Apótek Kópavogs

Álfhólsvegi 9. — Sími 40101.

AKSEL KRISTENSEN.



Opið alla virka daga frá kl. 19,15 — 20,
nema laugardaga frá kl. 19,15 — 16.
Helgidga frá kl. 13 — 16.



FJOLVIRKAR

FJOLVIRKINN
FÍFUHVAMMI
KÓPAVOGI
SÍMI 40770



Það er jafnan fjölmenni á leikvöllum í Kópavogi og í leikjum barnanna kemur fram spegilmynd af störfum hinna eldri.

INNIHURÐIR



**FLEIRI KJÓSA
HURÐIR
FRÁ OKKUR**

SIGURÐUR ELÍASSON H.F.
SÍMAN: 41380-41381. AUBREKKUSÍÐ-KÓPAVOGI

Kópavogsbúar!

Byggjum upp okkar eigin
verzlánir
um leið og við byggjum upp
bæinn okkar.

Húsgagnaverzlun Kópavogs

Álfhólsvegi 11 — Sími 40897.

Lúðrasveit Kópavogs var stofnuð vorið 1960 og hefir síðan leikið opinberlega við ýmis tækifæri. Í Lúðrasveitinni eru 16 hljóðfærarleikarar. Stjórnandi er Stefán Stephensen, en formaður Ólafur Guðmundsson.

Þess er áður getið, að áhugi á bæjarmálum væri almennur í Kópavogi. Hér voru snemma stofnuð pólitísk samtök. Nú eru starfandi þessi félag: Alþýðuflokksfélag Kópavogs, form. Ásgeir Jóhannesson. Sjálfstæðisfélag Kópavogs, form. Sigurður Helgason, Framsóknarfélag Kópavogs, form. Haukur Hannesson, Félag óháðra kjósenda, form. Árni Stefánsson og Sósíalistafélag Kópavogs, form. Björn A. Kristjánsson.

Konur í Kópavogi láta einnig til sín taka á stjórnmálasviðinu. Stjórnmálafélög kvenna eru Sjálfstæðiskvennfélagið Edda, form. frú Sigríður Gísladóttir og Framsóknarkvennafélagið Freyja, form. frú Jóhanna Bjarnfreðsdóttir.

Þá eru starfandi stjórnmálafélög unga fólksins: Félag ungra Framsóknarmanna, form. Elías Snæland Jónsson, Félag ungra Jafnaðarmanna, form. Ingólfur G. Ingólfsson, Týr, félag ungra Sjálfstæðismanna, form. Svavar Bjarnason og Æskulýðsfylkingin félag ungra Sósíalista form. Árni Þormóðsson.

Formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna er Guðmundur Gíslason og form. fulltrúaráðs Framsóknarfélaganna er Andrés Kristjánsson.

Lúðrasveitin.

Stjórnmála
félag.

Stjórnmála-
félag kvenna.

Stjórnmála
félag unga
fólksins.

Fulltrúaráð.



Hafnarfjarðarvegurinn skiptir Kópavogi í tvennt og skapar margháttða erfiðleika. Vegna hinnar miklu umferðar, var nýlega fjölgað í lögregluálföldi bæjarins. Hér er lögregluálfurinn við umferðarstjórn, á mótum Hafnarfjarðarvegur, Nýbýlavegar og Kársnesbrautar.

Blikksmiðjan VOGUR h.f.

Auðbrekku 55 — Kópavogi.



FRAMKVÆMUM alla algenga blikksmiðavinnu viðkomandi húsbyggingum o.fl.



ÖNNUMST smíði og uppsetningu á loftræsti- og lofthitakerfum.
ÚTVEGUM teikningar ef þess er óskað.



ÚTVEGUM einnig tæki í fiskþurrklefa og timburþurrklefa.

LEGGJUM eir og aluminium þök.



Allar upplýsingar á verkstæðinu og í sínum:

40340 verkstjóri

40341 teiknistofa

40342 skrifstofa

Blikksmiðjan Vogur h.f.

— Þótt nú til dags sé dýrt að eignast bíl,
er dýrara að látann' ryðga niður —

Bílalökkunin

Víðihvammi 27. — Sími 41328.

Annast húsbyggingar
og umsjón með
byggingum
í Reykjavík,
Kópavogi,
Garðahreppi og
Seltjarnarnesi.


Leó Guðlaugsson

Víghölastíg 20.
Sími 41382.



Hús við Skólalröð.

Þótt margt hafi breytt á síðustu tíu árum, svo ekki sé talað um allt frá því Kópavogur varð sérstakur hreppur, þá ber þetta byggðarlag ennþá mörg sín upphaflegu einkenni. Þessi einkenni er fyrst og fremst að finna meðal íbúana, sem enn í dag, eins og á fyrstu dögum þéttbýlismyndunar, ráðast í að koma sér og sínum upp heimill, af bjart- **Kópavogur í dag.**



Hús við Sunnubraut.

Ríkisútvarpið

Reykjavík

Skúlagata 4 - Sími 2-22-60.

Skrifstofutími: 9-12 og 13-17.

Upplýsingar um skrifstofur og vinnustofur eru veittar í anddyrinu á neðstu hæð.

Eftir lokun kl. 17 fást upplýsingar í dyrasímanum í fremsta anddyrinu og í síma 2-22-60 til kl. 23.

Á neðstu hæð:

Upplýsingar.
Innheimta afnotagjalda.

Á fjórðu hæð:

Fréttastofa.
Auglýsingar.

Á fimmtu hæð:

Útvarpsstjóri - Útvarpsráð.
Aðalskrifstofa - Dagskráarskrifstofur.
Aðalféhirðir - Dagskrárgjaldkeri.
Tónlistarsalur.

Á sjöttu hæð:

Hljóðritun -- Stúdíó - Tæknideild.
Tónlistardeild - Leiklistardeild.


Fréttastofa:

Fréttir sendar alla virka daga kl. 8,30, 12,30,
15, 16, 19,30 og 22.
Sunudaga kl. 9, 12,30, 19,30 og 22.

Auglýsingar:

Afgreiðslutími: mánudaga- föstudaga kl. 9-
11 og 13 - 17,30.
laugardaga kl. 9 - 11 og 15,30 - 17,30.
sunnudaga og helgidaga kl. 10 - 11 og 16,30 -
17,30.

Við tökum þátt í uppbyggingu
iðnaðar
í Kópavogi.



Gluggatjöldin ofin
úr íslenskri ull
í verksmiðju vorri
í Kópavogi.

Últíma

Nýbýlavegi 2 - Sími 40009.

Últíma

Kjörgarði.

Símar: 22206 - 22207.

sýni og dugnaði en með léttan sjóð, flestir hverjir. Hvort heldur um er að ræða „gamla Kópavogsbúa“, sem hafa átt hér heima í 7-12 ár, eða þá sem hingað fluttu á þessu eða síðasta ári, þá eiga flestir það sameiginlegt að klifa þritugan hamarinn í efnahagslegu tilliti. En með mikilli vinnu, hagsýni og sparnaði vinnst sigur að lokum. Flestir eru húsbændur í Kópavogi ungir að árum, barnmargir sumir hverjir og enginn bær á landinu getur státað af jafn mörgum ungum íbúum. Í engum bæ á landinu eru hlutfallslega jafn mörg börn. Um einn fjórði íbúanna er á skólaaldri, en þeir er ellilauna njóta, helmingi færri en í bæ með sambærilegan íbúafjölda.

Bær barnanna



Digranesskóli verður byggður í áföngum. Þeim fyrsta var lokið 1964.

Áður er drepíð á skólanálin. Kópavogsbúar hafa metið meira að byggja skóla og búa þannig í hagin fyrir framtíðina, en t. d. að gera varanlegar götur. Það bíður síns tíma, sem nú er vonandi skammt undan. Í bænum eru starfandi nokkrir smábarnaskólar. Síðan taka barnaskólarnir við. Þá gagnfræðanámið. Það er á þessum tímamótum, sem unglíngarnir eru hvað móttækilegastir fyrir annarlegum áhrifum og nauðsynlegt að beina starfslöngun þeirra og eðlilegri skemmtanahneigð inn á heillavænlegar brautir.

Þarna kemur starfsemi Æskulýðsráðs til móts við unglíngana og býður þá velkomna til náms, starfa og skemmtana. Æskulýðsráð Kópavogs var kosið af bæjarstjórn fyrir þrem árum. Það skipa: Frú Jóhanna Bjarnfréðsdóttir form. Herbert Guðmundsson, Páll Bjarnason, Ólafur Jens Pétursson og Birgir Ás Guðmundsson. Margháttað starfsemi ráðsins fer fram í Félagsheimili Kópavogs. Þar eru námskeið í smíði, saumum, horn og beinvinnu, bókbandi og þar er kennd mælskulist og dans og stúlkurnar læra snyrtingu. Starfsemin er vel skipulögð og margþætt og unglíngarnir í bænum hafa sýnt að þeir kunna vel að meta þessa starfsemi. Æskulýðs- og íþróttafulltrúi er Sigurjón Hilariússon. Fyrir nokkrum árum var gerður íþróttavöllur á horni Urðarbrautar og Kópavogsbrautar. Á s. l. ári var völlurinn stækk-

Æskulýðsráð.

Um leið og við þökkum
ánægjulegt samstarf
við framleiðslu
útflutningsverðmæta,
sendum við Kópavogsbúum
beztu árnaðaróskir
á tíu ára afmæli bæjarins.

Frystihúsið HVAMMUR

v/ Fífuhvammsveg, — Símar: 41868 - 41510.

aður og er nú af löglegri keppnisstærð. Á íþróttavellinum fara fram kappleikir og æfingar í knattspyrnu, handknattleik og frjálsum íþróttum. Í næsta nágrenni íþróttavallarins, efst á „Rútstúni“ verður sundlaug bæjarins. Frú Högnu Sigurðardóttir arkitekt teiknaði sundlaug-útilaug. Fé til byggingar þessa mannvirkis hefir verið veitt á fjárhagsáætlun að undanförunu og væntanlega mun ekki liða langur tími þar til önnur laugin verður tekin í notkun.

Upphaflega var fátt verzlana og annara þjónustufyrirtækja í Kópavogi. Er byggð þéttist, voru settar á laggirnar nokkrar verzlanir, stundum í ófullkomnu húsnæði. Í þessu tilliti hafa orðið gagnegar breytingar hin síðari ár. Nú eru í bænum glæsilegar kjörbúðir, vefnaðarvöruverzlanir, bygginga- og málningarverzlanir, fisk- og mjólkurbúðir. Í nokkrum hverfum vantar ennþá verzlunarhús, en kjörbúðarbill bætir úr þörfum íbúanna um sinn.

Fyrir nokkrum árum stofnaði Aksel Kristinsen Kópavogs Apótek, sem hann hefir síðan rekið til mikils hagræðis fyrir heimamenn. Í Kópavogi er fæðingarheimili og lækningastofur. Heilsuverndarstöð er í smíðum og uppsteyptar tvær fyrstu hæðirnar. Sparisjóður Kópavogs sem var stofnaður 1956, flytur um þessar mundir í nýbyggt hús sitt að Digranesvegi 10. Innstæðufé sjóðsins er yfir 20 millj. og vex ört. Í stjórn Sparisjóðsins eru Jósafat J. Lindal, Jón Skaftason og Sigurður Helgason. Sparisjóðsstjóri frá upphafi er Hrólfur Ásvaldsson og skrifstofustjóri er Björn Magnússon.

**Þjónustu-
fyrirtæki.**



Bæjarstjórn Kópavogs á fundi. Talin frá vinstri: Axel Benediktsson, Sigurður Helgason, Kristinn G. Wíum, Axel Jónsson, Þormóður Pálsson, forseti bæjarstjórnar, Hjálmar Ólafsson, bæjarstjóri, Sigurður Ólafsson, fundarritari, Björn Einarsson, Ólafur Jensson, Svandís Skúladóttir, Ólafur Jónsson.

Á Njálsgötu 23

sel ég nú og framvegis, með tækifærisverði, ýmskonar leikföng, skótau, metravörur og tilbúinn fatnað t.d.:

kvenkápur (ull) á 400,00 - 750,00
(áður 900,00 - 1995,00)

kvenkjóla á 200,00 - 400,00
(áður 550,00 - 750,00)

karlmannaföt á 785,00 - 950,00
(áður 1650,00 - 1950,00)

drengjaföt á 350,00 - 550,00
(áður 750,00 - 1250,00)

karlmannna frakkar (poplín) á 450,00 - 550,00
(áður 950,00 - 1750,00)

karlmannna frakkar (ull) á 450,00 - 550,00
(áður 1200,00 - 1900,00)

drengja frakkar á 250,00 (áður 600,00)

herrahattar á 200,00 (áður 585,00)

stretch-buxur, kvenna og unglínga á 300,00 - 350,00 (áður 650,00 - 750,00)

kvenskór (lítil númer) á 100,00
(áður 295,00)

Jafnframt verða ýmsar aðrar vörur teknar fram og seldar með miklum afslætti, eftirleidis, því að allt á að seljast, svo að þér getið ávallt gert ný og ný tækifæriskaup á:

Víghólastíg 15, Kópavogi - Sími 41195,
Hólmgarði 34 - Sími 33931,
Baldursgötu 12,
Laugavegi 10 - Sími 14557,
Njálsgötu 23,
Melabraut 46,
Grundarstíg 2 - Sími 14974.
Fjölbreytt vöruúrval - Tækifærisverð.

Ólafur Jóhannsson

Grundarstíg 2

Bezta og ódýrasta

skemmtunin

er að skreppa

í bíó

og sjá góða mynd.



Kópavogsbíó

Við síðustu bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi, sem fram fóru 27. maí 1962 komu fram fjórir listar. A-listi borinn fram af Jafnaðarmönnum fékk 271 atkv. og einn mann kjörin, B-listi borinn fram af Framsóknarmönnum fékk 747 atkv. og tvo menn kjörna, D-listi fram af Félagi óháðra kjósenda fékk 928 atkv. og þrjú menn kjörna og H-listi borinn fram af Framsóknarmönnum fékk 747 atkv. og einn mann kjörin.

Bæjarstjórn Kópavogs skipa eftirtaldir aðalmenn: Axel Benediktsson, A. Axel Jónsson, S. Björn Einarsson F. Kristinn G. Wíum S. Ólafur Jensson F. Ólafur Jónsson óh. Sigurður Helgason S. Svandís Skúladóttir óh. Þormóður Pálsson óh. Enginn listanna fékk meirihluta í bæjarstjórn, en nokkru eftir kosningar tókst samstarf fulltrúa B-listans og H-listans og mynduðu þeir meirihluta. Forseti bæjarstjórnar er Þormóður Pálsson. Bæjarráð skipa Ólafur Jensson form., Ólafur Jónsson og Axel Jónsson. Bæjarstjóri er Hjálmar Ólafsson, en hann gegndi áður kennslustörfum, síðast lektor við Háskólann í Amsterdam. Bæjarritari var ráðinn árið 1962 og gengir Guttormur Sigurbjörnsson því starfi. Skrifstofustjóri er Sigurður Ólafsson og bæjarbókari Magnús Á. Bjarnason. Bæjargjaldkeri er Halldór Jónsson. Auk



Guttormur Sigurbjörnsson, bæjarritari.



Hjálmar Ólafsson, bæjarstjóri.



Ólafur Jensson, bæjarverkfræðingur.

þeirra sem þegar eru taldir, starfa fimm stúlkur við bókhald, vélritun og afgreiðslu, tveir menn í skrifstofu Strætisvagna Kópavogs og tveir menn í innheimtudeild.

Árið 1962 var ráðinn bæjarverkfræðingur. Páll Hannesson gengdi starfinu í tvö ár, en síðan varð Ólafur Jensson verkfræðingur bæjarins. Í tæknideild starfa auk Ólafs fjórir menn þeirra á meðal elzti starfsmaður bæjarskrifstofunnar, Einar Júlíusson byggingaráðunautur. Verkstjórar eru Axel Ólafsson og Haukur Hannesson, en verkstjóri í Áhaldahúsi Karl Árnason.

Allmargar nefndir starfa á vegum bæjarstjórnar og eru þessar helztar: Barnaverndarnefnd, form. Þorsteinn Hannesson, Bygginganefnd form. Hjálmar Ólafsson, Hafnarnefnd, form. Ólafur Jensson, Íþróttanefnd, form. Björn Einarsson, Skipulagsnefnd, form. Ólafur

Svefnstólar,
Sófabeikir,
Kassabeikir.

Íslenzk húsgögn

Auðbrekku 53 - Sími 41690.

Annast hverskonar
pípulagnir

Nýlagnir,
breytingar,
viðgerðir.

Eingöngu fagmenn.

Sigurður Þorkelsson

Pípulagningameistari.


Fífuhvamsvegi 23 - Sími 40922.

KVENSKÓR

Íðunnarskor
á alla
fjölskylduna



BARNASKÓR



HERRASKÓR

Íðunnarskor
eru liprir,
vandaðir og
þægilegir.
Nylon
solarnir
„DURALITE“
hafa
margfalda
endingu á við
aðra sóla.
Veljið lit og
lag við yðar
hæfi í næstu
skóbuð.



Í MIKLU ÚRVALI

Junn

Jensson, Vatnsveitunefnd, form. Einar Ólafsson, Bókasafnsnefnd form. Ásgeir Blöndal Magnúson. Raforkumálanefnd, form. Ólafur Jensson, Atvinnugæzlunefnd, form. Bjarni Bragi Jónsson, Heilbrigðisnefnd, form. Sigurgeir Jónsson, Velferðarnefnd aldraðs fólks, form. séra Gunnar Árnason, Leikvalla- og dagheimilanevnd, form. Svandís Skúladóttir. Fjarhitunarnefnd, Gatnanevnd, form. Hjálmar Ólafsson, Framfærslunefnd, form. Helgi Ólafsson, Framfærslunefnd, form. Árne Halldórsson, Fræðsluráð, form. Andrés Kristjánsson og Sáttanefnd, form. séra Gunnar Árnason, Heilbrigisfulltrúi er Pétur Guðmundsson og framfærslufulltrúi Halldór Pétursson.



Magnús Á. Bjarnason,
bókari.



Sigurður Ólafsson,
skrifstofustjóri.



Halldór Jónsson,
féhirðir.



Axel Ólafsson, verk-
stjóri.

Það er mál manna í Kópavogi, að í bæjarsjórn og nefndum, vinna fulltrúar á mjög mál-
efnalegum grundvelli og kosti kapps um að leysa vandamálin á sem heilladrýgstan hátt
fyrir byggðarlagið. Þetta kunna Kópavogsbúar vel að meta.

Löggæzla í Kópavogi er í höndum bæjarfógeta, Sigurgeirs Jónssonar, sem jafnframt
er lögreglustjóri. Með tilliti til hinnar miklu umferðar um Hafnarfjarðarveg var fyrir
nokkru fjölgað í lögreglulíði bæjarins og eru nú 14 lögregluþjónar starfandi. Á skrifstofu
bæjarfógeta, að Digranesvegi 10, starfa auk hans, 10 manns, svo alls vinna 25 manns við
embættið.

Framundan eru mörg óleyst verkefni. Kópavogur hefir byggzt hraðar en dæmi eru
til um skipulagða byggð hér á landi. Íbúafjöldi 1. des. 1964 var 8348 manns. Vegna
hinnar hröðu uppbyggingar, hafa ýmsar framkvæmdir dregizt á langinn. Gatnakerfið er
yfir 50 km. að lengd. Það krefst mikils viðhalds en að auki eru lagðir nýir vegir ár

Heilladrjúgt
starf.

Löggæzla.

Framundan.

hvert. Eitt brýnasta verkefni í vegamálum, er Hafnarfjarðarvegurinn, þar sem hann skiptir Kópavogi í tvennt. Framkvæmdir við varanlega margra akreina braut kostar Kópavog mikið fé, en góðrar aðstoðar er vænt frá ríkissjóði. Auk þess biða okkar fjölmörg verkefni á næstu árum. Verkefni, sem kosta mikið fé og mikið erfiði. Samt hafa Kópavogsbúar á tíu ára afmæli bæjarins síns, ástæðu til þess að horfa bjartsýnir fram á veginn. En um leið og lítið er til framtíðarinnar, hugsum við með þakklæti til þeirra, sem á undan fóru og ruddu brautina.

Að lokum.

Í þessu riti hefir verið leitast við að bregða upp mynd af Kópavogi, eins og hann var og eins og hann er. Hér hefir orðið að stikla á stóru, velja og hafna. Efniviðurinn er mikill. Samt sem áður, er það von þeirra, sem að þessu riti standa, að það verði velkominn gestur á tíu ára afmæli yngsta kaupstaðarins á Íslandi.

Sv. S.



„Ef æskan vill rétta þér örvandi hönd, þá ertu á framtíðar vegi.“ Dýrmætasta eign Kópavogs er tápmikið æskufólk — hlutfallslega fleira en í nokkrum öðrum bæ á Íslandi.

Sveinn Sæmundsson blaðafulltrúi sá um útgáfuna fyrir bæjarstjórn Kópavogs.



BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

ÁRNAR KÓPAVOGSKAUPSTAÐ OG
KÓPAVOGSBÚUM HEILLA Í TÍLEFNI
AF 10 ÁRA AFMÆLI KAUPSTAÐARINS



I tilefni 10 ára afmælis kaupstaðarins
flytur bæjarstjórn öllum Kópavogsbúum
beztu ánnaðaróskir